

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**
Reykholahrepps mánudaginn 7. desember 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykholahrepps, Maríutróð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson og Bogi Kristinsson ritaði fundargerðina.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. **0912001.** Sæki hér um leyfi til að byggja þró ásamt yfirbyggingu fyrir tvo olíutanka (fyrir Ásgarð annars vegar og Skansinn og Vorsali hins vegar). Ætlunin er að grafa hvítu tönkunum á myndinni hálfa vegu á milli þeirra og vegaslóðans í jaðri myndarinnar. Þar eru þeir langt frá húsum og skammt frá vegi svo auðvelt á að vera að setja á þá á hvað árstíma sem er. Ennfremur er ætlunin að reisa lítin Flateyskan kofa yfir tankana. Þetta yrði lág bygging (ca 130 sm á hæð, lágir veggir ásamt þaki með risi. Tankarnir verða niðurgrafnir að einhverju leiti. Hér er fyrst og fremst ætlunin að láta sem minnst bera á tönkum, hafa öryggismálin í lagi, og láta framkvæmdina falla að umhverfinu.
Staðsetningin er á lóð Ásgarð og þetta er sameiginlegt kappsmál húseiganda. Fáist leyfi fyrir þessu er ætlunin að framkvæma þetta í vori komandi.

Fyrir hönd okkar allra. Guðmundur Páll Ólafsson.

Afgreiðslu fresta þar til afstöðmynd og uppdrættir liggja fyrir og einnig samþykki eiganda Ásgarðs.

2. **0911011.** Umsókn dags. 30.nóvember frá Gauta Þorsteinssyni um byggingarleyfi fyrir tveimur tréstaum á leigulóð fyrirtækisins (landnr; 219002) í landi Ingunnarstaða (landnr: 139603) Staurarnir bera uppi fjarskiptabúnað til þess að veita farsímaþjónustu á syðri hluta vegarins um Arnkötuldal og í nágrenni vö fjarskiptalóðina.
Umboði landeiganda til umsóknarinnar verður skilað inn.
Staurarnir eru 8 m á hæð.

Fyrir liggja aðaluppdrættir ásamt umboð frá landeiganda með umsókninni.
Umsækjandi er Gautur Þorsteinsson (kt: 240358-3959) fyrir hönd
Og fjarskipti ehf (kt: 470905-1740).

Samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar vegna veltengingar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.: 15.45.

Sveinn Ragnarasson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)